

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 5. júlí 2018 - R18070021

	Fundargerðir:	
	Annað	
R18060088	Bréf Samtaka atvinnulífsins, dags. 29.6.'18, varðandi tilnefningu atvinnurekanda í heilbrigðisnefnd.	Sent umhverfis- og heilbrigðisráði.
R18060220	Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, dags. 28.6.'18, um heimaþjónustu aldraðra.	Sent velferðarsviði til umsagnar.
R18060184	Bréf Bjargs íbúðarfélags, dags. 22.6.'18, varðandi endurákvörðun byggingarréttargjalds.	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til meðferðar.
R18050159	Bréf MOF, dags. 18.5.'18, um fjárveitingu vegna menningarminja við Grímsstaðavör, ásamt umsógn USK, dags. 22.6.'18.	Sent fjármálaskrifstofu til umsagnar.
R18070054	Styrkumsókn Bikers Against Bullying, dags. 4.6.'18.	Sent velferðarsviði til umsagnar.
R18070056	Styrkumsókn Styrktarfélags alþjóðlega geðheilbrigðisdagsins, dags. 6.6.'18.	Sent velferðarsviði til umsagnar.
R18060057	Styrkumsókn vegna Töframáttur tónlistar, dags. 28.5.'18.	Sent menningar- og ferðamálasviði til umsagnar.
R18050251	Styrkumsókn vegna EURAM Reykjavík 2018, dags. 10.6.'18.	Sent menningar- og ferðamálasviði til umsagnar.
R18060199	Styrkumsókn Fjölskylduhjálpar, dags. 27.6.'18.	Sent velferðarsviði til umsagnar.
R18070061	Styrkumsókn vegna Kátt á Klambra 2018, dags. 27.6.'18.	Sent íþrótt- og tómstundasviði til umsagnar.

Bjarni Þóroddsson

Frá: B.A.B STJÓRN <BABstjorn@outlook.com>
Sent: mánudagur, 4. júní 2018 23:29
Til: Styrkir
Efni: Re: Húsaleigustyrkur ,fyrir góðgerðarsamtök

Flokkar: Yellow Category

Minum a okkur 😊

Við vorum buin að senda ykkur bref í sambandi við húsaleigustyrk..

Við erum buin að finna húsnaði sem hentar samtökunum ,en vantar ennta styrk (svör) með húsaleiguna

Kær kveðja
Stjorn B.A.B Bikers Against Bullying

B.A.B STJÓRN

From: Guðrun Guðmundsottir <BABstjorn@outlook.com>
Sent: Thursday, May 24, 2018 4:15 PM
To: styrkir@reykjavik.is
Subject: Húsaleigustyrkur ,fyrir góðgerðarsamtök

Goðan daginn ..

Við erum góðgerðarsamtök sem heita B.A.B Bikers Against Bullying ,og erum við í leit að húsnaði undir starfsemi okkar ,þar sem við getum bæði geymt motorhjólin okkar ,haldið okkar fundi ásamt því að bjóða skjólstæðingum okkar (börnum sem eru að lenda í einelti og eda hafa lent í einelti) að koma saman alltaf öðru hvoru til að spjalla og hafa gaman með öðrum börnum í eins stöðu ,við ætlum að hafa spiladaga ,biodaga og bara almenna samveru hafa gaman án þess að hafa ahbyggjur af því að fá ekki frið...

Húsnaðið sem við leitumst eftir er iðnaðarhúsnaði ekki mikid meira en ca 110 - 150 fermetrar ,og ekki þarf það að vera í tip top standi svo framarlega að það haldi vatni og vindi ,og þar se ekki mygla ,og þarf að vera salerni ,allt annað getum við lagfært 😊

Við erum buin að vera að leita í dágóðan tíma ,þar til okkur var bent á að spjalla við Reykjavíkurborg um hugsanlegt húsnaði sem við fengjum sem styrk ,það er húsaleigan .Því allur aur sem kemur inni samtökin rennur óskiptur í starf fyrir börnin ,og eru það frjals framlög frá utanaðkomandi aðilum ...


Jafnvel þó að Reykjavíkurborg væri ekki með neitt laust sem kæmi til greina ,þa hvort að við fengjum styrk frá ykkur ef við fyndum laust iðnaðarhúsnaði ??

Og ef að það kæmi til ,að fá þá að vita hve há leigan mætti vera ???

Með von í hjarta um að eitthvað finnist ..

Kær Kveðja

• Skellibjalla
President
B.A.B Bikers Against Bullying
Island
896-8923
B.A.B STJÓRN



Reykjavíkurborg
b.t. Borgarráð

Reykjavík, 22. júní 2018

Varðar: Endurákvörðun byggingarréttargjalds

Bjarg íbúðafélag óskar eftir endurákvörðun byggingarréttargjalds vegna verkefna félagsins og að endurákvörðun gildi einnig fyrir áður úthlutað verkefni.

Markmið Bjargs að veita leigutökum sem eru undir tekju og eignamörkum sem eru skilgreind í lögum um almennar íbúðir aðgengi að öruggu húsnæði þar sem greiðslubyrðir leigu verði að jafnaði ekki hærri en sem nemur 25% af heildartekjum.

Það er mikil áskorun að ná þessu markmiði í Reykjavík fyrir þá lægst launuðu. Þar vegur hátt byggingarréttargjald þungt. Þá hefur byggingakostnaður reynst hærri en gert var ráð fyrir en stífir skipulagsskilmálar styðja ekki við að ná fram þeirri hagkvæmni í hönnun sem stefnt var að.

Reykjavíkurborg lagði upp með að Bjarg greiddi jafnaðarverð 45.000 á fermetra fyrir byggingarétt. Það var mat SEA að markaðsvirði lóða á nýjum svæðum væri 45.000 kr. á fermetra. Þá hafði nýlega verið seldur lóðaréttur í Hraunbæ fyrir um 100.000 kr. á fermetra og var gert ráð fyrir að byggingaréttur á þéttingareitum myndi liggja nálægt þeirri upphæð. Meðalverð byggingaréttar var því talin vera 72.500. Verð til Bjargs var því 62% af áætluðu meðalverði byggingarréttar í Reykjavík.

Nýlega var seldur lóðaréttur í Úlfarsárdal á 35.000kr. á fermetra og 50.000 kr. á fermetra Kirkjusandi (óstaðfest). Samkvæmt þessum sölum er Bjarg að greiða yfir markaðsverði fyrir lóðir í Úlfarsárdal og yfir meðalverði sem er nú 42.500 kr. á fermetra.

Miðað við upphaflegar forsendu um að sala byggingarréttar til Bjargs væri 62% að meðalverði ætti byggingaréttur til félagsins nú að hámarki að vera verðlagður á 26.350.

Samkvæmt áætlunum Bjargs hækkar byggingarréttargjald 45.000 á fermetra, leigu meðalíbúðar um ca. 20.000 á mánuði.


Fyrir leigutaka með 300.000 þúsund á mánuði þýðir það að tæp 7% af heildarlaunum fara í greiðslu byggingarréttargjalds. Ljóst að lækkun byggingarréttargjalds getur skipt sköpum um að markmið laga um almennar íbúðir um að húsnæðiskostnaður fari að jafnaði ekki yfir 25% á heildartekjum náist.

Ljóst er að því lægra sem byggingarréttargjaldið er því betur munu markmið laga um almennar íbúðir nást og minni líkur á að leigutakar lendi milli kerfa þ.e. séu of tekjuháir fyrir íbúðir félagsbústaða en of tekjulágir til að eiga rétt á íbúðum í almenna íbúða kerfinu. Bestum árangri væri náð með því að fella gjaldið alveg niður.

Virðingarfyllt,
Björn Traustason
framkvæmdastjóri

Bjarg íbúðafélag hses - Kletthálsi 1 - 110 Reykjavík

From: Team EURAM Reykjavik 2018 [<mailto:herahardar@hi.is>]
Sent: 22. maí 2018 15:52
To: Helga Björk Laxdal
Subject: Styrkur fyrir EURAM Reykjavik 2018



Sæl Helga Björk Laxdal,

Við erum að skipuleggja ráðstefnu sem haldin er í Háskóla Íslands með um 1700 þátttakendum í lok júní næstkomandi. EURAM Reykjavik 2018 er stærsta viðskiptafræðiráðstefna sem hefur komið til Íslands og viljum við óska eftir þátttöku Reykjavíkurborgar að ráðstefnunni í formi fjármagnsstyrks.

Getum við óskað eftir fundi við þann aðila sem hefur um málið að segja?

Bestu kveðjur,
F.h. EURAM
Hera.

Ágústa Hera Harðardóttir
Project Manager
herahardar@hi.is
Tel. +354-7700208

EURAM 2018
euram-online.org
P.O. Box 212



Frá: Eypór Ívar Jónsson <eij@hi.is>
Sent: mánudagur, 18. júní 2018 12:25
Til: Helga Björk Laxdal <helga.laxdal@reykjavik.is>
Efni: RE: Styrkur fyrir EURAM Reykjavík 2018

Ósk um endurskoðun á ákvörðun Borgarráðs vegna styrkveitingu vegna ráðstefnu EURAM Reykjavík 2018

Háskóli Íslands er að halda stærstu ráðstefnu skólinn hefur haldið fyrir alþjóðlega fræðimenn en um 1700 manns eru skráðir á EURAM 2018. Þetta er langstærsta ráðstefna sem haldin hefur verið af EURAM – European Academy of Management. Samtökin eru samstarf um 40 háskóla frá 40 löndum. Slíkar ráðstefnur hafa iðulega verið studdar af borgaryfirvöldum í því landi sem ráðstefnan er haldin. Á síðasta ári var ráðstefnan í Glasgow og árið þar á undan í París. Reykjavíkurborg hefur lagt áherslu á mikilvægi borgarinnar sem ráðstefnuborg samt er takmarður áhugi borgaryfirvalda á að aðstoða þá sem eru að vinna mikla sjálfböðavinnu við að gera ráðstefnur að veruleika. Ætla má að ráðstefnan sé að skapa um hálfan milljarð króna í gjaldeyrstekjur enda hefur tekist vel að kynna Ísland sem áhugaverða staðsetningu og að fólk ætti að nýta tækifærið til þess að skoða landið. Reykjavíkurborg hefur t.d. ekki nýtt tækifærið á þessari ráðstefnu til þess að kynna borgina sem ráðstefnuborg þrátt fyrir að Háskóli Íslands hafi verið opið fyrir því og óskað eftir fundi þess efnis. Það er náttúrulega talsvert markaðstækifæri með hliðsjón að við erum að tala um 1700 fræðimenn sem eru allir með eigin ráðstefnu og rannsóknarvinnustofur allt árið um kring.

Ég er mjög hissa að við höfum ekki fengið áheyrn og að við höfum ekki tekið samræður um hvað væri hægt að gera saman, þ.e. Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg, til þess að gera þessa ráðstefnu sem best úr garði og til þess að kynna Reykjavíkurborg sem ráðstefnuborg.

Bestu kveðjur,
Eypór Ívar Jónsson
Ráðstefnustjóri EURAM
Háskóli Íslands

From: Dagný Magnea Harðardóttir [mailto:Dagny.Magnea.Hardardottir@reykjavik.is]
Sent: fimmtudagur, 7. júní 2018 14:37
To: Eypór Ívar Jónsson <eij@hi.is>; Borgarráðsgögn <borgarradsgogn@reykjavik.is>
Cc: Ágústa Hera Harðardóttir <herahardar@hi.is>; Helga Björk Laxdal <helga.laxdal@reykjavik.is>
Subject: SV: Styrkur fyrir EURAM Reykjavík 2018

Sæll Eypór Ívar

Þú gætir haft samband við Helgu Björk Laxdal skrifstofustjóra borgarstjórnar vegna málsins. Hún er með netfangið helga.laxdal@reykjavik.is
Ég hef hana líka hér í cc.

Bestu kveðjur

Dagný Magnea Harðardóttir
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 4703

Tölvupóstfang: dagny.magnea.hardardottir@reykjavik.is

Frá: Eyþór Ívar Jónsson <ejj@hi.is>

Sent: fimmtudagur, 7. júní 2018 14:33

Til: Dagný Magnea Harðardóttir <Dagny.Magnea.Hardardottir@reykjavik.is>; Borgarráðsgögn <borgarradsgogn@reykjavik.is>

Afrit: Ágústa Hera Harðardóttir <herahardar@hi.is>

Efni: RE: Styrkur fyrir EURAM Reykjavík 2018

Sæll Dagný,

Takk fyrir skjót svör.

Samt leiðinlegt afspurnar að Reykjavík sjái sér ekki fært að taka þátt í þessu þegar aðrar borgir hafa verið mjög virkar í þátttöku, sérstaklega í ljósi þess að verið er að reyna að auglýsa Reykjavík sem ráðstefnuborg.

Ég hefði viljað ná samtali við einhvern frekar en þetta væri afgangur með þessum hætti.

Bestu kveðjur,

Eyþór Ívar Jónsson

Ráðstefnustjóri EURAM 2018

Háskóli Íslands

From: Dagný Magnea Harðardóttir [<mailto:Dagny.Magnea.Hardardottir@reykjavik.is>]

Sent: fimmtudagur, 7. júní 2018 14:19

To: Eyþór Ívar Jónsson <ejj@hi.is>; Borgarráðsgögn <borgarradsgogn@reykjavik.is>

Cc: Ágústa Hera Harðardóttir <herahardar@hi.is>

Subject: SV: Styrkur fyrir EURAM Reykjavík 2018

Sæll Eyþór Ívar

Já styrkbeiðnin var tekin fyrir á fundi borgarráðs í síðustu viku og neðangreint svar hef ég sent til Ágústu Heru Harðardóttur:

Á fundi borgarráðs þann 31. maí 2018 var tekin til afgreiðslu styrkumsókn þín, dags. 22. maí 2018, vegna ráðstefnu EURAM Reykjavík 2018.

Það tilkynnist hér með að borgarráð taldi ekki unnt að verða við beiðninni.

Bestu kveðjur

Dagný Magnea Harðardóttir

Skrifstofa borgarstjórnar

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík

Sími 411 4703

Tölvupóstfang: dagny.magnea.hardardottir@reykjavik.is

Frá: Eyþór Ívar Jónsson <ejj@hi.is>
Sent: fimmtudagur, 7. júní 2018 13:46
Til: Dagný Magnea Harðardóttir <Dagny.Magnea.Hardardottir@reykjavik.is>; Borgarráðsgögn <borgarradsgogn@reykjavik.is>
Afrit: Ágústa Hera Harðardóttir <herahardar@hi.is>
Efni: RE: Styrkur fyrir EURAM Reykjavík 2018

Sæl Dagný,

Komst þetta mál inn á fund hjá ykkur? Einhverjar fréttir?

Bestu kveðjur,
Eyþór Ívar Jónsson
Ráðstefnustjóri EURAM 2018

From: Eyþór Ívar Jónsson
Sent: þriðjudagur, 29. maí 2018 15:08
To: dagny.magnea.hardardottir@reykjavik.is; borgarradsgogn@reykjavik.is
Cc: Ágústa Hera Harðardóttir <herahardar@hi.is>
Subject: RE: Styrkur fyrir EURAM Reykjavík 2018

Sæl Dagný,

Meðfylgjandi er umsókn Háskóla Íslands vegna EURAM 2018. Ég held að það væri samt betra ef við gætum fengið fund til þess að fara yfir málið. Það er mikilvægt að Reykjavíkurborg taki þátt á myndarlegan hátt.

Bestu kveðjur,
Dr. Eyþór Ívar Jónsson
Ráðstefnustjóri EURAM 2018
Háskóli Íslands

From: Team EURAM Reykjavík 2018 [<mailto:herahardar@hi.is>]
Sent: þriðjudagur, 29. maí 2018 09:25
To: Eyþór Ívar Jónsson <ejj@hi.is>
Subject: Fwd: Styrkur fyrir EURAM Reykjavík 2018

Fékk þennan póst í gær:

Begin forwarded message:

From: Borgarráðsgögn <borgarradsgogn@reykjavik.is>
Subject: FS: Styrkur fyrir EURAM Reykjavík 2018
Date: 28 May 2018 17:37:07 GMT
To: "herahardar@hi.is" <herahardar@hi.is>

Góðan dag

Vinsamlega fyllið út meðfylgjandi eyðublað sem þarfa að fylgja með umsókninni til borgarráðs. Nauðsynlegt er að senda sem fyrst svo hægt sé að taka umsóknina fyrir á næsta borgarráðsfundi sem haldinn verður á fimmtudaginn.

Bestu kveðjur

Dagný Magnea Harðardóttir
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 4703
Tölvupóstfang: dagny.magnea.hardardottir@reykjavik.is

From: Team EURAM Reykjavik 2018 [<mailto:herahardar@hi.is>]
Sent: 22. maí 2018 15:52
To: Helga Björk Laxdal
Subject: Styrkur fyrir EURAM Reykjavik 2018

Sæl Helga Björk Laxdal,

Við erum að skipuleggja ráðstefnu sem haldin er í Háskóla Íslands með um 1700 þátttakendum í lok júní næstkomandi. EURAM Reykjavik 2018 er stærsta viðskiptafræðiráðstefna sem hefur komið til Íslands og viljum við óska eftir þátttöku Reykjavíkurborgar að ráðstefnunni í formi fjármagnsstyrks.


Getum við óskað eftir fundi við þann aðila sem hefur um málið að segja?

Bestu kveðjur,
F.h. EURAM
Hera.

Ágústa Hera Harðardóttir
Project Manager
herahardar@hi.is
Tel. +354-7700208

EURAM 2018
euram-online.org
P.O. Box 212





**Borgarstjórn, Borgarráð Reykjavíkurborgar
Ráðhús Reykjavíkur**

Málsnr.: *R18060/99*
Skjalasafn Ráðhúss
28. júní 2018
Bréfalykill: *1252*

27. júní 2018

Efni: Umsókn um styrk til aðstoðar fátæku og efnalítlu fólki í Reykjavík.

Fjölskylduhjálpi Íslands kt 660903-2590 Iðufelli 14, 111 R hefur starfað á 15 ár í þágu efnalítilla fjölskyldna og einstaklinga í Reykjavík. Fjölskylduhjálpi Íslands kaupir inn matvörur fyrir eina og hálfa milljón kr (1.500.000) í hverjum mánuði og rennur 70% til Reykvíkinga. Óskum eftir styrk frá Reykjavíkurborg fyrir árið 2018. Fyrir síðustu páska versluðum við matvörur og inneignarkort fyrir 4.300.000 milljónir. Til okkar leita öryrkjar, eldri borgarar, lágláunafólk (einstaklingar og fjölskyldur) ungar barnafjölskyldur og námsmenn. Við aðstoðum hælisleitendur með dvalarleyfi og yfirleitt aðra hælisleitendur sem á þurfa að halda. Starf okkar er með litla sem enga yfirbyggingu og byggir að mestu leiti á sjálfbærðastarfi.

Við óskum eftir styrk upp á 2.000.000 kr og er þeim fjármunum mjög vel varið.
Ársreikningur fyrir árið 2017 fylgir hér með.

Það er von okkar að Borgarráð, Borgarstjórn Reykjavíkur sjái sér fært að styða starfsemina á þessu ári. Frá árinu 2003 hefur bókhald starfseminnar verið opið.

Með virðingu og vinsemd,

Fh. Stjórnar Fjölskylduhjálpar Íslands

Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður (sign)
Anna Valdís Jónsdóttir, varaformaður(sign)
Netfang: hjalp@fjolskylduhjalp.is
Gsm 892-9603

Fjölskylduhjálpi Íslands

ÁRSREIKNINGUR 2017

Kt. 660903-2590
Íðufelli 14, 111 Reykjavík

EFNISYFIRLIT:

Áritun endurskoðunarskrifstofu	bls. 2
Undirskrift stjórnar	bls. 3
Rekstrareikningur	bls. 4
Efnahagsreikningur	bls. 5
Sjóðsstreymi	bls. 7
Skýringar	bls. 8
Íslandsforeldrar	bls. 8
Charity fundraising / Family aid	bls. 8
Sundurliðanir	bls. 9

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar Fjölskylduhjálpar Íslands

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Fjölskylduhjálp Íslands fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðsstreymi og sundurliðanir nr. 1-7.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð ársreikninga með það að markmiði að aðstoða samtökin við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum skoðað ákveðna liði ársreikningsins og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Reykjavík 20. júní 2018

Sigurður Örn Sigurðarson
Viðskiptafræðingur

Undirritun stjórnar

Stjórn Fjölskylduhjálpar Íslands staðfestir hér með ársreikninginn með undirritun sinni.

Reykjavík 20. júní 2018

Stjórn Fjölskylduhjálpar Íslands:

Efnahagsreikningur

EIGNIR

	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Ahöld, tæki og húsbúnaður		<u>684.606</u>	<u>684.606</u>
		<u>684.606</u>	<u>684.606</u>
Fastafjármunir		<u>684.606</u>	<u>684.606</u>
Veltufjármunir:			
Skammtímakröfur:			
Aðrar skammtímakröfur		1.283.603	1.838.752
Handbært fé	7	19.138.103	20.605.142
Veltufjármunir		<u>20.421.706</u>	<u>22.443.894</u>
Eignir samtals		<u><u>21.106.312</u></u>	<u><u>23.128.500</u></u>

	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Eigið fé:			

Skammtímaskuldir:

Skuldir og eigið fé samtals	21.106.312	23.128.500
------------------------------------	-------------------	-------------------

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð, og er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreiknings 2016.

Eigið fé

2. Eigið fé frá fyrra ári, breytingar á því á árinu, og staða þess í árslok greinist þannig:	31.12.2017	31.12.2016
Óráðstafað eigið fé í byrjun árs.....	16.321.404	18.258.057
Gjöld umfram tekjur á árinu.....	(859.984)	(1.936.653)
Óráðstafað eigið fé í lok árs.....	15.461.420	16.321.404

Íslandsforeldrar

Hlutverk Íslandsforeldra er: Að kaupa holl matvæli eins og fisk, lýsi, egg, grænmeti og ávexti. Við höfum verið að safna og erum að safna einstaklingum sem vilja gerast Íslandsforeldrar og styðja með mánaðarlegum greiðslum ákveðna upphæð sem síðan er notuð til kaupa á hollum matvælum til handa efnalitlum barnafjölskyldum á Íslandi.

3. Tekjur og gjöld vegna verkefnisins "Íslandsforeldrar" greinist þannig:	2017	2016
Rekstrartekjur.....	4.984.505	4.862.890
Matarkaup úr sjóði Íslandsforeldra.....	5.633.233	5.240.731
Tekjur umfram gjöld.....	(648.728)	(377.841)

4.	2017	2016
Framlag "Charity fund raising / Family aid" í matarsjóð Fjölsk.hj. Ísl. árið 2017.....	5.214.280	7.536.993
	5.214.280	7.536.993

Sundurliðanir

5. Laun og launatengd gjöld	2017	2016
Vinnulaun.....	8.246.384	8.240.384
Tryggingagjald.....	628.448	644.875
Lífeyrissjóður mótframlag.....	928.013	844.732
Önnur launatengd gjöld.....	183.094	149.792
	<u>9.985.939</u>	<u>9.879.783</u>

Á árinu 2017 voru 2 á launaskrá hjá samtökunum.


6. Annar rekstrarkostnaður:		
Gjaldfærð áhöld og tæki	218.603	840.048
Húsnæðiskostnaður	4.724.680	8.308.371
Aðkeyptur akstur	902.423	721.724
Sími	602.783	950.054
Burðargjöld	13.300	0
Auglýsingar	1.106.624	678.886
Gjaldkerastörf	1.836.976	1.794.056
Vátryggingar	35.976	31.231
Ferðakostnaður	1.000	43.762
Verðlaunagripir	3.992	69.930
Fundakostnaður	28.680	0
Tækjaleiga	46.872	49.332
Tölvukostnaður	63.300	108.016
Styrkir og gjafir	36.580	4.213
Pappír, prentun og ritföng	19.072	25.953
Þjónustugjöld banka	772.632	996.202
Posaleiga	35.399	35.568
Annar kostnaður	17.940	21.626
	<u>10.466.832</u>	<u>14.678.972</u>

7. Handbært fé:		
Landsbankinn, reikningur nr. 115-15-373141	72.328	71.211
Landsbankinn, reikningur nr. 101-26-66090	641.245	921.802
Íslandsbanki, reikningur nr. 546-26-6609	18.307.158	18.743.568
Íslandsbanki, reikningur nr. 546-26-660903	117.372	868.561
	<u>19.138.103</u>	<u>20.605.142</u>

8. Styrkir frá Ríkissjóði, sveitarfélögum og ýmsum félagasamtökum út um allt land:		
Ríkissjóður	1.750.000	4.900.000
Reykjavíkurborg	1.500.000	1.500.000
Önnur sveitarfélög og ýmis félagasamtök út um land allt	609.180	231.500
	<u>3.859.180</u>	<u>6.631.500</u>

Umsókn um styrk úr Borgarsjóði.

Nafn umsækjanda	Styrktarfélag Aljóða geðheilbrigðisdagsins
Kennitala	710807-0270
Heimilisfang	Sólvallagata 64
Netfang	tryggvigardards@gmail.com
Póstnúmer	101
Staður	Reykjavík
Símanúmer 1	895-2125
Símanúmer 2	-
Nafn ábyrgðarmanns	Tryggvi Garðarsson
Kennitala ábyrgðarmanns	110858-2059
Heimilisfang ábyrgðaraðila	Sólvallagata 64
Póstnúmer ábyrgðaraðila	101
Netfang ábyrgðaraðila	tryggvigardards@gmail.com
Símanúmer ábyrgðaraðila	895-2125
Hlutverk ábyrgðaraðila	Formaður Styrktarfélags alþjóða geðheilbrigðisdagsins
Banki	0101
Höfuðbók	26
Reikningsnúmer	070270



6. júní 2018

Virðulega borgarráð:

Í tilefni af Alþjóða geðheilbrigðisdeginum 10. október 2018 viljum við óska eftir styrk frá borgarráði til þess að standa straum af kostnaði við vitundarvakningu um geðheilbrigðismál í tilefni dagsins. Einnig munum við koma hugmyndum okkar í fjölmiðla til þess að vekja athygli á stöðu geðfatlaðra í íslensku samfélagi.

Undanfarin ár höfum við haldið utan um vitundarvakningu og hátíð í Reykjavíkurborg á ýmsum stöðum með góðu aðgengi svo allir geti notið þess að koma og eiga sameiginlega stund.

Við höfum fengið til okkar hina ýmsu skemmtikrafta en einnig lærða sérfræðinga sem hafa flutt erindi tengd geðsjúkdómum.

Yfirskrift dagsins að þessu sinni er „*Ungt fólk í sibreytilegum heimi*“ Við þurfum því að leita nýrra leiða við skemmtunina sem slíka, fá yngra fólk til að koma að málum, ungt en reynslumikið fólk; fólk sem ef til vill hefur gengið í gegnum mikla erfiðleika í æsku og á táningsárum. Við reynum að fá þetta fólk til þess að miðla okkur af reynslu sinni og koma fram á vitundarvakningu okkar.

Sem endranær munum við fá skemmtikrafta til þessa að létta lund okkar og ef til vill veita einhverja munngát í formi kaffis og kruðerís.

Talsverður kostnaður fylgir slíkri hátíð svo sem leiga á sal, tækjum, kostnaður við veitingar að ógleymdum fyrirlesurum og skemmtikröftum. Því óskum við eftir styrk frá Reykjavíkurborg að 700.000kr en erum ánægð með hvern þann styrk sem borgarráð samþykkir okkur til handa.

Lýsing á verkefni:

Heiti verkefnis: Framkvæmd vegna dagskrár í tilefni Alþjóðlega geðheilbrigðisdagsins 10.október 2018.

Verkefnið í hnotskurn:

Undirbúningur og framkvæmd skemmtidagskrár og vitundarvakningar. Móta fræðsludagskrá með áherslu á að vinna gegn fordómum og mismunun.

Verkefnislýsing:

Undirbúningur felst í því að virkja notendur til þess að taka þátt í skemmtidagskrá og vitundarvakningu í tilefni dagsins. Einnig felst verkefnið í að aðstoða úrræði geðheilbrigðismála að vera með viðburð til að kynna sína starfsemi.

Sótt er um verkefni jafnréttis og menningarmála.

Markmið:

Geðheilbrigði er málefni sem varðar okkur öll. Langvarandi geðræn óheilsa getur haft víðtækar afleiðingar, t.d. atvinnuleysi, félagslegri einangrun og varanlegri örorku. Markmið hátíðarhaldanna vikuna fyrir Alþjóða geðheilbrigðisdaginn miðar að því að opna á umræðu og skera upp herör gegn fordómum í samfélaginu. Margvísleg verkefni og samstarf hefur orðið til sem afleiða þessara hátíðarhalda. Einnig hefur verið leitast við að tengja ólík verkefni sem og þá sem vinna að geðheilbrigði og mynda órofa heild fagaðila og notenda í baráttunni um geðheilbrigði. Stjórn styrktarfélags Alþjóða geðheilbrigðisdagsins vinnur að þessu hörðum höndum allt árið um kring. Með þessu erum við að gera tilraun til þess að ná til fólks sem erfiðast hefur verið að ná til því geðheilsa hefur verið feimnismál og svolítið bak við luktur dyr. Einnig er lögð áhersla að vinna gegn fordómum sem sprottið hafa upp gegn þeim hópi sem hefur vegna álags eða annarra orsaka dottið út af vinnumarkaði og farið í felur af skömm. Eins og sjá má á vefsíðu félagsins www.10.okt.com hefur þetta verkefni náð að fá marga til að vinna saman. Starfsmenn stofnana eins og Landlækniseimbættisins. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Landspítalans auk notenda hafa tekið virkan þátt og unnið saman á jafningjagrundvelli. Með þessu átaki óskum við þess að auka samkennd og samhyggð í samfélaginu.

Hvernig fellur verkefnið að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?

Verkefnið er alltaf liður í að draga úr fordómum og/eða mismunun gagnvart einstaklingum sem glíma við geðraskanir. Þar sem margir af báðum kynjum koma að þessu verkefni notendur sem fagfólk geðheilbrigðis eða velferðarþjónustu, grunnskólar sem og fjölmiðlar, þá fá allir að taka þátt og ekki verið að mismuna neinum. Það er líka ákveðið forvarnarverkefni fyrir börn og ungmenni og því reynslu- og batasögur fullorðinna einstaklinga ná oft til margra ára og í þeim eru leiðir sem börn og ungmenni geta haft til viðmiðunar.

Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?

Árið 1995 ákvað þáverandi heilbrigðisráðherra að 10.október væri sérstaklega helgaður geðheilbrigðismálum og árið eftir var fyrsta dagskrá haldin hér á landi. Hún þótti söguleg því það var í fyrsta skipti sem notendur geðheilbrigðiskerfisins stigu fram með aðstoð sinna samtaka og sögðu „Hér erum við, eins og við erum, stolt.“ Síðan 2009 hefur styrktarfélagið haldið daginn

hátíðlegan og haldið verkefninu lifandi eins og sjá má á www.10okt.com . Yfirskrift Alþjóða geðheilbrigðisdagsins 2018 er -Ungt fólk í síbreytilegum heimi.

Verk og tímaáætlun Undirbúningur þessarar dagskrár hófst í lok nóvember 2017 og líkur í lok október 2018.

Verk og fjármögnun:
Áætluð útgjöld.


Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir

Áætluð útgjöld	Upphæð
Húsnæðiskostnaður	250.000
Efnis og auglýsingakostnaður	135.000
Aðkeypt vinna, leiga tækja og þjónusta	250.000
Stjórnunarkostnaður	40.000
Stuðningur við félög til að halda viðburði	25.000
Samtals	700.000

Með bestu kveðjum og fyrirfram þakklæti, Tryggvi Garðarsson formaður styrktarnefndar Alþjóða geðheilbrigðisdagsins.



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið



Reykjavík, 18. maí 2018
RMF17080007
4.3.0

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Fjárveiting vegna menningarminja við Grímsstaðavör

Á fundi menningar- og ferðamálaráðs þ. 14. maí sl. var svohljóðandi tillaga samþykkt sbr. 4. lið fundargerðar:

Starfshópur um menningarminjar við Grímsstaðavör hefur lokið störfum. Lagt er til að menningar- og ferðamálaráð staðfesti að hinar manngerðu menningarminjar séu á ábyrgð Borgarsögusafn en umhverfi þeirra á ábyrgð Umhverfis- og skipulagssviðs enda hluti af græna treflinum, opnu svæði borgarinnar og ásýnd strandlínunnar. Jafnframt leggur starfshópurinn til að menningar- og ferðamálaráð leggi til við borgarráð að unnin verði deiliskipulagstillaga að svæðinu skv. tillögum Ögmundar Skarphéðinssonar frá 2009 sem hugsanlega þarf að endurskoða. Veitt verði 1 m.kr. fjárveiting til Borgarsögusafns árlega á fjárhagsáætlun til að sinna manngerðum minjum.

Menningar- og ferðamálaráð óskar eftir að 1 m.kr. bætist í ramma menningar- og ferðamálasviðs frá árinu 2019, til að koma til móts við tillöguna.

f.h. menningar- og ferðamálaráðs

Inga María Leifsdóttir

Inga María Leifsdóttir
verkefnastjóri
skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Fundargerð 303. fundar menningar- og ferðamálaráðs 14.5.2018

Fundargerð 6. fundar starfshóps um Grímsstaðavör 18.4.2018

6. fundur starfshóps um varðveislu menningarminja við Grímsstaðavör

Staðsetning:

Dagsetning og tími: 18.4. 2018 kl. 15.00 – 16.00.

Viðstaddir: Stefán Benediktsson, Margrét Þormar, Helga Maureen Gylfadóttir, Ingibjörg Áskelsdóttir og Signý Pálsdóttir sem reit fundarpunkta. Marta Guðjónsdóttir var í símasambandi með sprungið dekk.

1. Vísað til síðustu fundargerðar starfshópsins og minnisblaðs Margrétar Þormar.
2. Fundarmenn meta það svo að til að verkefnið nái framgangi þurfi Borgarsögusafn að hafa fulla heimild til að halda utan um menningarminjarnar sjálfar manngerðar en Umhverfis- og skipulagssvið umhverfið enda er það hluti af græna treflinum, opnu svæði borgarinnar og ásýnd strandlínunnar.
3. Lagt er til að unnin verði deiliskipulagsbreyting skv. tillögum Ögmundar Skarphéðinssonar frá 2009 sem hugsanlega þarf að endurskoða. Staðfest deiliskipulag er grundvöllur þess að ráðist verði í frekari umbætur en almennt viðhald. Meiriháttar breytingaáform verði síðan sett á fjárfestingaráætlun eftir því sem tilefni gefast. Á meðan deiliskipulagi hefur ekki verið lokið mun Borgarsögusafn sinna lágmarksviðhaldi skúrana.
4. Fram kom að Borgarsögusafn þarf 1 m.kr á ári til að sinna almennu viðhaldi. Árið 2017 fékkst 2,5 m.kr. fjárveiting vegna Grímsstaðavara úr pottinum Betri hverfi. Fyrir framlagið var sumarið 2017 unnin fornleifarannsókn í kringum skúrana og síðan jarðvegsskipt í kringum þá, burðarvirki styrkt í syðsta skúrnum og skipt um þak, ljósastaurar lagaðir og áningabekkur settur upp.
5. Samþykkt að leggja fram svohljóðandi tillögu fyrir menningar- og ferðamálaráð:
Tillaga:
Starfshópur um menningarminjar við Grímsstaðavör hefur lokið störfum. Lagt er til að menningar- og ferðamálaráð staðfesti að hinar manngerðu menningarminjar séu á ábyrgð Borgarsögusafn en umhverfi þeirra á ábyrgð Umhverfis- og skipulagssviðs enda hluti af græna treflinum, opnu svæði borgarinnar og ásýnd strandlínunnar. Jafnframt leggur starfshópurinn til að menningar- og ferðamálaráð leggi til við borgarráð að unnin verði deiliskipulagsstillaga að svæðinu skv. tillögum Ögmundar Skarphéðinssonar frá 2009 sem hugsanlega þarf að endurskoða. Veitt verði 1 m.kr. fjárveiting til Borgarsögusafns árlega á fjárhagsáætlun til að sinna manngerðum minjum.

Menningar- og ferðamálaráð

Ár 2018, mánudaginn 14. maí var haldinn 303. fundur menningar- og ferðamálaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 13.30. Viðstaddir: Elsa Hrafnhildur Yeoman, Þórgnýr Thoroddsen, Aron Leví Beck, Stefán Benediktsson, Björn Gíslason og Marta Guðjónsdóttir. Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina: Rakel Dögg Óskarsdóttir. Áheyrnarfulltrúi BÍL: Erling Jóhannesson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Huld Ingimarsdóttir, Sif Gunnarsdóttir og Inga María Leifsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Fram fer kynning á starfsemi Borgarleikhússins. RMF18030006

Kristín Eysteinsdóttir, leikhússtjóri Borgarleikhússins, og Kristín Ögmundsdóttir, framkvæmdastjóri Borgarleikhússins, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 13.33 tekur Þorgerður Agla Magnúsdóttir sæti á fundinum.

2. Fram fer umræða um nýjan samning vegna Borgarleikhússins. Lögð fram fundargerð hússtjórnar Borgarleikhússins. RMF18030006

Menningar- og ferðamálaráð leggur fram svohljóðandi tillögu:

Menningar- og ferðamálaráð felur skrifstofustjóra fjármála og rekstrar og sviðsstjóra Menningar- og ferðamálasviðs að ganga frá samningi við Borgarleikhúsið í samræmi við tillögur hússtjórnar. Samningi verður vísað til borgarráðs.

Samþykkt.

- Kl. 14.09 tekur Jóna Hlíf Halldórsdóttir sæti á fundinum.

3. Fram fer kynning á nýrri sýningu Sjóminjasafnsins sem opnar aðra helgina í júní næstkomandi. RMF15050006

Guðbrandur Benediktsson, safnstjóri Borgarsögusafns, og Sigrún Kristjánsdóttir, deildarstjóri á Borgarsögusafni, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Lögð fram fundargerð 6. fundar starfshóps um varðveislu menningarminja við Grímsstaðavör dags. 18. apríl 2018. RMF17080007

Guðbrandur Benediktsson, safnstjóri Borgarsögusafns, og Sigrún Kristjánsdóttir, deildarstjóri á Borgarsögusafni, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Menningar- og ferðamálaráð leggur fram svohljóðandi tillögu starfshópsins:

Starfshópur um menningarminjar við Grímsstaðavör hefur lokið störfum. Lagt er til að menningar- og ferðamálaráð staðfesti að hinar manngerðu menningarminjar séu á ábyrgð Borgarsögusafn en umhverfi þeirra á ábyrgð Umhverfis- og skipulagssviðs enda hluti af græna treflinum, opnu svæði borgarinnar og ásynð strandlínunnar. Jafnframt leggur starfshópurinn til að menningar- og ferðamálaráð leggi til við borgarráð að unnin verði deiliskipulagstillaga að svæðinu skv. tillögum Ögmundar Skarphéðinssonar frá

2009 sem hugsanlega þarf að endurskoða. Veitt verði 1 m.kr. fjárveiting til Borgarsögusafns árlega á fjárhagsáætlun til að sinna manngerðum minjum.

Samþykkt.

5. Fram fer kynning á Barnamenningarhátíð 2018. RMF17080005.

Björg Jónsdóttir, verkefnastjóri Barnamenningarhátíðar, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Menningar- og ferðamálaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Menningar- og ferðamálaráð þakkar fyrir vel heppnaða Barnamenningarhátíð og óskar öllum Reykvíkingum til hamingju með hana. Þakkir eru færðar listafólki, þátttakendum, starfsfólki, verkefnastjórum, stjórn Barnamenningarhátíðar og öllum sem komu að hátíðinni.

6. Fram fer kynning á flugráði vegna Grófarhúss. RMF18040010

Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir, deildarstjóri þjónustu og þróunar á Borgarbókasafninu, og Pálína Magnúsdóttir, borgarbókavörður, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Lagður fram til staðfestingar undirritaður samningur við Iceland Airwaves ehf. um Iceland Airwaves. Vísað til borgarráðs til samþykktar. RMF16080010

Fundi slitið kl. 15.50

Elsa Hrafnhildur Yeoman

Þórgnýr Thoroddsen
Stefán Benediktsson
Björn Gíslason

Aron L. Beck
Marta Guðjónsdóttir
Þorgerður Agla Magnúsdóttir



Reykjavík 22. júní 2018/MÞ

Borgarráð – Ráðhúsi Reykjavíkur

Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

Tilvísun í mál R18050159 - Grímsstaðavör – fjárveiting

Bréf skrifstofu borgarstjórnar sent 23. maí 2018 um fjárveitingu vegna menningarminja við Grímsstaðavör var sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.

Á fundi menningar- og ferðamálaráðs þ. 14. maí sl. var svohljóðandi tillaga samþykkt sbr. 4. lið fundargerðar:

Starfshópur um menningarminjar við Grímsstaðavör hefur lokið störfum. Lagt er til að menningar- og ferðamálaráð staðfesti að hinar manngerðumenningarminjar séu á ábyrgð Borgarsögusafns en umhverfi þeirra á ábyrgð Umhverfis- og skipulagssviðs enda hluti af græna treflinum, opnu svæði borgarinnar og ásynð strandlinunnar. Jafnframt leggur hópurinn til við borgarráð að unnin verði deiliskipulagstillaga að svæðinu skv. tillögum Ögmundar Skarphéðinssonar frá 2009 sem hugsanlega þarf að endurskoða. Veitt verði 1 m.kr. fjárveiting til Borgarsögusafns árlega á fjárhagsáætlun til að sinna manngerðum minjum.

Menningar- og ferðamálaráð óskar eftir að 1 m. kr. bætist í ramma menningar- og ferðamálasviðs frá árinu 2019, til að koma til móts við tillöguna.

Ferill deiliskipulagsvinnu Grímsstaðavara:

1. Skipulagsráð 4.11.2009 - kynning Hornsteina arkitekta að tillögu á fyrirkomulagi og hugsanlegum nýbyggingum.
2. Umhverfis- og skipulagsráð 18.8.2010 - lagt fram erindi Menningar- og ferðamálaráðs þar sem Ögmundur Skarphéðinsson arkitekt Hornsteinum kynnti deiliskipulagstillögu ásamt skýringarupprætti dags. 7.7.2010.
Vísað til umfjöllunar í hverfaráði Vesturbæjar.
Verkefnisstjóri hjá skipulagsfulltrúa var Björn Ingi Eðvarðsson.
3. Umhverfis- og skipulagsráð 14.10.2015 - fulltrúi Borgarsögusafns Guðbrandur Benediktsson kynnti tillögu. Fyrir liggur bréf safnstjóra BSS til MOF dags. 17.9.2014 ásamt tillögu um grásleppuskúrana. Einnig liggur fyrir bréf USK til MOF dags. 22.9.2014 þar sem tekið er fram að varðveislugildi grásleppuskúranna sé ótvírátt og að það beri að varðveita þá í sem næst upprunalegri mynd. Skoða þurfi vandlega það atriði. Einnig kemur fram að hverfisráð Vesturbæjar hafi lýst yfir að efla beri starfsemi skúranna og skoða þurfi Ægisíðuna í heild sem útivistarsvæði við óhreyfða strönd.

Fyrir liggur að lögð hefur verið fram umsókn MOF um deiliskipulag ásamt deiliskipulagstillögu Hornsteina arkitekta dags. 7.7.2010. Tillagan var kynnt, en ekki afgreidd og hefur því ekki farið í formlegt kynningarferli.


Umsögn

Eins og fram hefur komið hefur verið lögð talsverð vinna í undirbúning og gerð deiliskipulagstillögu fyrir Grímsstaðavör. Mikilvægt er að varðveita grásleppuskúrana og það gæti orðið svæðinu og Vesturbænum öllum til framdráttar að unnið verði áfangaskipt deiliskipulag, sem stuðlar að varðveislu grásleppuskúranna og starfsemi á þessu svæði.

Því er lagt til að tekið verði jákvætt í erindi Menningar- og ferðamálaráðs um fjárveitingu við verkefnið, þannig að hægt verði að festa varðveislu grásleppuskúranna í sessi og halda áfram með deiliskipulags-vinnuna.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs
Margrét Þormar





Borgarstjórn Reykjavíkur
Ráðhúsinu

101 REYKJAVÍK

HBB/sá

Rvk. 29. júní 2018

Tilnefning fulltrúa atvinnurekenda í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur

Með vísan til 11. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir tilnefna samtök atvinnurekenda á eftirlitssvæðinu einn mann í heilbrigðisnefnd svæðisins. Sama gildir um varamann.

Að höfðu samráði við Bændasamtök Íslands vilja Samtök atvinnulífsins tilnefna eftirtalda til setu í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur

*Aðalmaður: Ólafur Jónsson
oj@skeljungur.is
Skeljungur hf.
Hólmaslóð 8
101 Reykjavík*

*Varamaður: Sigríður Ásta Guðjónsdóttir
sigridura@lysi.is
Lýsi hf.
Fiskislóð 5
101 Reykjavík*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri

Afrit sent: Aðal- og varamanni

BORGARRÁÐ 28. júní 2018: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um heimaþjónustu aldraðra - R18060220

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins vil endurtaka spurningu sem hún spurði í Breiðholti þegar meirihlutinn kynnti sáttmála sinn. Þá fékkst ekki svar en var sagt að ég myndi fá svar. Svar hefur ekki borist. Spurningin er: Hvað ætlar meirihlutinn að gera varðandi heimaþjónustu eldri borgara sem verður að skerða í sumar vegna manneklu? Með þessari spurningu vil ég vísa í frétt sem birtist á visir.is nú í júní þar sem segir: „Alvarleg staða er komin upp í heimahjúkrun í Reykjavík þar sem illa hefur gengið að manna stöður fyrir sumarið. Fólki tilkynnt um minni stuðning. „Þetta er skelfileg aðstaða og ég kvíði mjög sumrinu“ segir Anna Kristine Magnúsdóttir um fyrirsjáanlegan samdrátt í þjónustu við heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu í Reykjavík í sumar.“

From: Jóna Ottesen <jona@kattaklambra.is>

Date: miðvikudagur, 27. júní 2018 kl. 11:42

To: Þórdís Lóa Þórhallsdóttir <Thordis.Loa.Thorhallsdottir@reykjavik.is>

Subject: Vegna: Barnahátíðin Kátt á Klambra - Samstarf við Reykjavíkurborg?

Sæl Þórdís,

Jóna heiti ég og er skipuleggjandi barnahátíðarinnar Kátt á Klambra, sem haldin verður í þriðja sinn núna í sumar.

Okkur hefur því miður gengið illa að finna samstarfsflöt við borgina í þessu flotta og metnaðarfulla verkefni sem hefur fengið mikið lof gesta, jafnt börn og foreldrar sem fagna hátíðinni mjög.

Eftir fund okkar með Líf Magneudóttur þar sem við fengum þær ábendingar að við gætum nú sent umsóknum samstarf og styrk frá borginni sem tekin verður fyrir þá fundi ykkar þann 5. júlí.

Það er okkar síðasta von í þessu umsóknarferli, en við höfum sóttu um allt sem hægt er að sækja um en höfum eingungis fengið 187.000 kr styrk frá Hverfissjóði Hlíða.

En meðfygjandi má sjá bréf frá okkur sem skýrir okkar stöðu betur.

--


Kær kveðja

Jóna Elísabet Ottesen

jona@kattaklambra.is

kattaklambra.is

facebook.com/kattaklambra



**BARNAHÁTÍÐ SEM FER FRAM Á KLAMBRATÚNI 29.
JÚLÍ 2018**

Kæra Borgarráð.

Við skipuleggjendur barnahátíðarinnar Kátt á Klambra viljum fá að kynna ykkur fyrir verkefninu okkar sem við höfum unnið að núna í rúmlega fjögur ár. Því miður hefur gengið erfiðlega að finna samstarfsflöt með borginni að þessari metnaðarfullu barnahátíð.

HÁTÍÐIN

Barnahátíðin Kátt á Klambra verður haldin í þriðja sinn núna í sumar og hefur fengið hún mikið lof gesta. Margir krakkar hlakka mikið til að mæta á Klambratún í lok júlí og eiga þar góðar stundir með fjölskyldu og vinum. Svæðið er hannað út frá þörfum barna, svæðið er girt af til þess að auka öryggi barna og gesta hátíðarinnar. Ekkert barn fer af svæðinu án forráðamanns og engir gestir eru á svæðinu sem ekki eiga heima á hátíðinni. Hátíðin er ætluð börnum á aldrinum 0-13 ára þar sem við erum með svæði sem hentar ungabörnum, skiptiaðstöðutjald, bangsatjald, sögutjald, leiksýningar og leiksvæði. Fyrir eldri börn er mikil og flott dagskrá eins og hjólabrettasvæði, þrautabraut, ýmsar smíðjur, tónleikar, leiksýningar og margt fleira. Einnig er vel hugsað vel um foreldra og er matur er seldur á svæðinu, margar smíðjur eru fyrir börn og foreldra og einnig eru nokkrir fyrirlestrar sem snúa að uppeldi barna, kennsla í barnanuð og fleira. Það sýndi sig strax að öll fjölskyldan vill taka þátt og því hugum við að því í okkar dagskrá.

Mikið félagslegt gildi er í slíkum viðburði jafnt fyrir börn og foreldra. Forvarnargildið er mikið þar sem börn fá tækifæri til þess að skemmta sér með fjölskyldunni án þess að áfengi eða vímuefni séu á svæðinu, það eykur tengsl fjölskyldunnar og allra hinna sem hátíðina sækja. Það er jafnframt eitt af markmiðum Reykjavíkurborgar og lýðheilsustefnu hennar sem skipuleggur borgarumhverfi þannig að það stuðli að heilbrigðum lífnaðarháttum eins og hreyfingu, næringum og vellíðan borgarbúar á öllum æviskeiðum fólks.

KÁTT Á KLAMBRA 2016

Fyrsta hátíðin var sumarið 2016 þegar við fórum af stað með þá hugmynd að framkvæma skemmtilegt barnafestival á Klambratúni sem hefur það að markmiði að bjóða börnum og fjölskyldum upp á veglega og skemmtilega dagskrá og ýmsa afþreyingu þar sem börn fá tækifæri til þess að taka þátt og kynnast ýmsum formum og myndum lista, menningar og íþróttar. Verkefnið var hluti af lokaverkefni Jónu Ottesen í hagnýtri menningarmiðlun og við fórum á fund með Höfuðborgarstofu til að kynna verkefnið og sóttum þar eftir samstarfi en án árangurs. Sótt var um styrki og fengum við styrk frá Hverfissjóð Reykjavíkur upp á 300.000 kr sem var mikils virði fyrir hátíðina og hvatinn til að framkvæma.

KÁTT Á KLAMBRA 2017

Við vinnum af hugsjón og metnaði og viljum gera barnamenningu hátt undir höfði. Fyrir hátíðina síðasta sumar fórum við því á fullt í að sækja um styrki, tala við fyrirtæki til að vera með okkur og

bjóða þeim þá að vera með einhverja afþreyingu eða skemmtiatriði á hátíðinni en við vinnum mikið út frá hugmyndum frá barnhátíðinni *Miniøya* í Noregi og viljum vera sem minnst merktar fyrirtækjum og auglýsingum á svæðinu sjálfu sem beinast að börnum.

Vinna að hátíðinni 2017 hófst strax að lokinni hátíð árið 2016 en þar sem engin öruggur styrkur kom að verkefninu þá fórum við þá leið að selja inn á svæðið á algjöru lágmarksverði sem var einn af möguleikum okkar til að kosta hátíðina. Þar sýndi það sig að miðaverð eykur gæði hátíðarinnar, gerir hana veglegri og upplifun gesta ánægjulegri. Þar fá gestir hátíðarband og öll afþreying á svæðinu er ókeypis. Þetta lukkaðist mjög vel og töluðu foreldrar um það hversu vel hátíðin var skipulögð og hvað það var mikið öryggi að hafa afgirt og öruggt svæði án þessa að hafa áhyggjur af því að börnin færu af svæðinu. Við vorum duglegar að auglýsa viðburðinn til þess að sem flestir hefðu kost á njóta þessa dags og gáfum mikið af miðum í gegnum Rauða Krossinn, Fjölskylduhjálpi, Mæðrastyrksnefnd og fleira. Margir leikir voru í boði til að vinna miða og fjölskyldur fengu magnafslátt. Miðaverðið var 1200 kr og 4000 kr fyrir fjögurra manna fjölskyldu. Fyrir þessa hátíð fengum við styrk frá *Hverfissjóði Hlíða* upp á 100.000 kr, *Forvarnarsjóði* upp á 250.000 kr, *Höfuðborgarstofa* 300.000 kr og *Hverfissjóður Reykjavíkur* 500.000 kr. Sem er um ein milljón í heildina. Styrkirnir komu sér vel og fóru í að greiða fyrir tjöld, svið, hljóðmann, listamönnum og margt fleira. Neikvæðar raddir og viðmót fór að berast frá þeim starfsmönnum sem vinna hjá Reykjavíkurborg og koma að styrkjum að lokinni hátíð. Miðasalan var álitin sem gróðrastarf hjá okkur og höfum við átt erfitt með að finna flöt að samstarfi með Reykjavíkurborg fyrir sumarið núna í ár sem er miður þar sem borgin styrkir jú fjölda viðburða sem selt er inná.

KÁTT Á KLAMBRA 2018

Skipulag er á fullu fyrir næstu hátíð og munum við bjóða upp á veglega hátíð á Klambratúni, þar sem eins og áður geta börn sótt smiðjur eins og: danssmiðju, sirkusmiðju, tónlistarsmiðju, lært á hjólabretti, ritlistarsmiðju, föndrað og tekið þátt í leikjum þar sem fjölskyldan tekur öll þátt, sungið í karóki, dansað í dansíóki, lært uppistand af helstu gamanleikurum landsins, farið í fjölskylduþóga, notið dagskrár þar sem ungir listamenn fá tækifæri til að koma fram, til að mynda ungar stelpur í hljómsveitinni *Spaðabandar* sem hafa slegið í gegn sem og *Friðrik Dór*, *Jói P* og *Króli* og fleiri frábærir listamenn sem munu stíga á stókk.

Við búum að þriggja ára reynslu, eigum aðföng sem fylla stóran gám, hóp af fólki sem vill leggja verkefninu lið, erum í samstarfi með Arion banka og erum með þá framtíðarsýn að vera árlegur viðburður á Klambratúni. Í fyrrasumar komu tæplega 3.000 gestir á svæðið sem var framar okkar björtustu vonum. Starfsliðið var því undirmannað og það vantaði fleiri bekkir og sæti svo dæmi sé tekið. Að þessu þarf að huga að í sumar þegar jafnvel enn fleiri leggja leið sína á hátíðina. Við erum nokkrar stelpur sem komum að skipulagningu viðburðarins og það þarf svo sannarlega að huga að mörgu. Við höfum sótt um alla þá styrki sem geta mögulega styrkt barnamenningu og hjá Reykjavíkurborg höfum við til dæmis sótt um styrk úr *Borgarsjóði*, *Forvarnarsjóði*, *Hverfissjóði* og

Miðborgarsjóði. Verkefnið hefur fengið styrk frá *Hverfissjóði Hlíða* upp á 187.000 kr og einnig var okkur að berast svar frá Miðborgarsjóði upp á 1 milljón sem er svo sannarlega mikils virði fyrir okkur. Sá styrkur er þó einungis veittur ef við seljum ekki inn á svæðið, heldur einungis ef svæðið er opið öllum. Styrkurinn er lægri en sú upphæð sem áætluð er af miðasölu og svæðið er þá opið öllum. Kostnaðaráætlun fyrir hátíðina er upp á 8 milljónir og er það því lítill hagur af því að þiggja styrkinn þar sem einnig er tekið fram að styrkurinn sé einungis fyrir þetta ár og ekki sé tryggt að svo verði næsta ár. Við þurfum að hugsa lengra en þetta sumar þar sem við stefnum að því að halda flotta hátíð að ári og því er staða okkar þannig að það er ekki vænlegt fyrir okkur að þiggja styrkinn. Þá er samstaf okkar við borgina einungis bundið við lítinn styrk frá Hverfissjóð og í um 8 milljón króna verkefni þá er sá hlutur ekki hár, (nær upp í kostnað fyrir salerni á svæðið). Við erum því hugsi yfir því hvort við eigum að þiggja styrkinn þar sem hann er einfaldlega ekki nógu hár.

KÁTT Á KLAMBRA Í SAMSTARFI VIÐ REYKJAVÍKURBORG

Okkar draumasýn er jú sú að vera með tryggan styrk frá Reykjavíkurborg og gott samstarf í tengslum við aðgang að vatni og rafmagni og öðrum þáttum sem koma að því að vera umhverfisvæn hátíð. Við höfum ávallt skilað svæðinu vel af okkur en klósett, ruslatunnur og frágangur eru allt kostnaðarsamir þættir sem borgin gæti jafnvel komið að. Við höfum verið í samskiptum við Björgu Jónsdóttir hjá Menningarsviði og ætlar hún að vera okkar tengiliður hvað varðar aðstöðu á svæðinu sem er okkur mikils virði þar sem erfitt reyndist að fá aðgang að vatni og rafmagni í fyrrasumar. Við viljum bjóða upp á veglega hátíð og hafa þar lágt miðaverð til þess að sem flest börn hafi tækifæri að koma og njóta dagsins. Til þess að svo geti verið er nauðsynlegt að verkefnið fái styrk frá Reykjavíkurborg samhliða öðrum styrkjum og annarri sölu okkar á svæðinu. Okkur Langar kanna hvaða möguleika við eigum að samstarfi við borgina í sumar og í framtíðinni til þess að geta haldið áfram okkar starfi við að skipuleggja og framkvæma flotta barnahátíð. Ef um frían viðburð á að vera að ræða þá er 1 milljón króna styrkur sem veittur er núna fyrir 2018 ekki nóg til að þess að láta af miðaverði fyrir hátíðina.

Við hlökkum til að heyra frá ykkur og erum tilbúnar að koma á fund og kynna verkefnið nánar fyrir ykkur ef áhugi er fyrir hendi.

Með kærri kveðju


Jóna Elísabet Ottesen / Stofnandi Kátt á Klambra

Hildur Soffía / Markaðsstjóri

Reykjavíkurborg - Borgarráð

Ráðhúsi Reykjavíkur

28. 05. 2018



Töframáttur tónlistar

Valhúsarbraut 23

Póstnúmer 170

Tölvupóstfang sellokvaran@gmail.com, braud64@hotmail.com

Beiðni um styrk.

Töframáttur tónlistar.

Töframáttur tónlistar er tónleikaröð fyrir fólk sem vegna geðfatlana, félagslegrar einangrunar og/eða öldrunar á erfitt með að sækja tónlistar- og aðra listviðburði. Aðstandendur tónleikaraðarinnar leggja áherslu á að kynna eins og best verður á kosið þessa tónlistarviðburði á þeim stöðum sem markhópurinn dvelur á eða sækir.

Fernir tónleikar eru haldnir á vetri á Kjarvalstöðum. Tónlistarmennirnir spila einnig á Litla-Hrauni ef nægilegt fjármagn næst. Enginn aðgangseyrir er á þessa tónleika.

Markmið verkefnisins er að ná til þeirra sem minna mega sín og fara af heilsufarslegum, félagslegum og oft um leið fjárhagslegum ástæðum á mis við það sem best gerist í íslensku tónlistarlífi. Við viljum hvetja þessa aðila til að koma á tónleika og um leið bjóða upp á ánægjulega og gefandi stund. Áhersla er lögð á að skapa gott og afslappað andrúmsloft á tónleikunum.

Tónlistarmennirnir ræða við áheyrendur, kynna tónlistina og fræða áheyrendur um hana. Við viljum að fólk öðlist góða reynslu af þessum

stundum og að hún verði hvatning til áframhaldandi tónleikasóknar. Framkvæmd þessarar tónleikaraðar hefur mikla persónulega þýðingu fyrir okkur sem að henni stöndum því að það hefur lengi verið okkur ljóst að stór hópur fólks í þjóðfélaginu fer á mis við menningarviðburði líðandi stundar. Með hverjum tónleikum fjölga þakklátum áheyrendum, því í þessum gestaranni tekur langan tíma að mynda traust og áræðni til félagslegra athafna. Umsjónarmenn og tónleikagestir hafa tjáð ánægju sína með þessa tónleika og hversu mikið gildi þeir hafa.

Kynning og markaðssetning verkefnisins

Veggspjöld eru hönnuð og prentuð og hengd upp á heimilum og stofnunum sem markhópurinn býr á eða sækir. Þá eru sendir tölvupóstar á sömu staði í upphafi tónleikaraðarinnar og jafnframt fyrir hverja tónleika til áminningar með frekari upplýsingum um dagskrá og tónlistarmenn. Listrænn stjórnandi hringir einnig og ræðir við umsjónarmenn og starfsfólk til að minna á næstu tónleika.

Upphaf verkefnis 01.01. 2018

Lok verkefnis 31.12. 2019

Dagskrá vetrarins 2017 – 2018

Mánudaginn 11. september:

Greta Salóme Stefánsdóttir fiðluleikari og söngkona ásamt hljómsveit.

Mánudaginn 13. nóvember:

Gunnar Kvaran sellóleikari og Elísabet Waage hörpuleikari.

Mánudaginn 12. febrúar:

Sigríður Thorlacius söngkona og Kjartan Valdimarsson píanóleikari.

Mánudaginn 9. apríl:

Þóra Einarsdóttir söngkona og Svanur Vilbergsson gítarleikari

Nú á vormánuðum er unnið að því að velja tónlistarmenn fyrir næsta vetur og ganga til samninga við þá.

Við sækjum um styrk að upphæð 200.000 kr. en hvaða upphæð sem er kemur að góðum notum.

Með vinsemd og virðingu,

Fyrir hönd Gunnars Kvarans listræns stjórnanda tónleikaraðarinnar,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Brynhildur Auðbjargardóttir', written over a horizontal line.

Brynhildur Auðbjargardóttir, verkefnisstjóri (braud64@hotmail.com)



11
september
2017

Mánudagur 11. september kl. 14:00

**Gréta Salóme
Stefánsdóttir**
fiðluleikari og söngkona
ásamt meðleikurum

13
nóvember
2017

Mánudagur 13. nóvember kl. 14:00

Gunnar Kvaran
sellóleikari
Elísabet Waage
hörpuleikari

12
febrúar
2018

Mánudagur 12. febrúar kl. 14:00

Sigríður Thorlacius
söngkona
Kjartan Valdimarsson
píanóleikari

9
apríl
2018

Mánudagur 9. apríl kl. 14:00

Póra Einarsdóttir
söngkona
Svanur Vilbergsson
gítarleikari

*Töfranáður
Tónlistar*

Tónleikar á mánudögum

kl. 14:00
KJARVALSSTÖÐUM

Aðgangur ókeypis - Allir velkomnir

Styrktaraðilar okkar eru:

Garðabær
Kjarvalsstaðir
Reykjavíkurborg
Sorpa
Tónlistarsjóður
Öryrkjabandalag Íslands

Listrænn stjórnandi:

Gunnar Kvaran sellóleikari

Verkefnisstjóri:

Brynhildur Auðbjargardóttir

Kosnaðaráætlun

Laun og þóknun	1.090.000
Ferða- og dvalarkostnaður	90.000
Flutningur (m.a. á tækjum)	200.000
Kostnaður vegna kynningar og almannatengsla	75.000
Annað:	15.000
Samtals:	1.470.000